

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.06.2006:

Mættir: J. og I. R. boðaði forföll.

Þetta gerðist milli funda: Ársskýrsla Upplýsingarnefndar LÞN fyrir sl. starfsár var flutt á þjónusturáðstefnu AA-samtakanna í Hafnarfirði 14. maí sl. Þar voru og kosnir tveir fulltrúar í nefndina, þau O.Ó. og R., í stað þeirra, er lokið höfðu starfstíma í henni, svo og I, frá LÞN. Á þjónusturáðstefnunni starfaði, undir leiðsögn meðlima Upplýsingarnefndar LÞN, umræðuhópur um uppbyggingu, starfsemi og hlutverk staðbundinna upplýsingarnefnda. Eintökum af Þjónustuhandbók fyrir upplýsingarnefndir var dreift til þátttakenda. Umræður voru nokkrar, en engar samþykktir eða ályktanir gerðar.

Fundarmæting var vægast sagt dræm eins og fram kemur hér að ofan.

Þetta var helst rætt:

- Farið var yfir hlutverk, starfshætti og helstu verkefni Upplýsingarnefndar LÞN, en einnig rætt almennt um þróun meðferðar alkóhólista á Íslandi í tímans rás, AA-samtökin á Íslandi, sögu þeirra, hlutverk og ýmsan vanda, sem þau standa frammi fyrir í dag. Engar ákvarðanir voru teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 5.07.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Sumarstarfið.
- Framgangur kynningarfundar um AA-samtökin fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 5.07.2006:

Mættir: J. og R.. I. og Pá. boðuðu forföll.

Fundarmæting var léleg eins og fram kemur hér að ofan.

Í þessu tveggjamannatali var þetta var helst rætt:

Farið var yfir hlutverk, starfshætti og helstu verkefni Upplýsingarnefndar LPN, en einnig rætt almennt um þróun meðferðar alkóhólista á Íslandi í tímans rás, AA-samtökin á Íslandi, sögu þeirra, hlutverk og ýmsan vanda, sem þau standa frammi fyrir í dag.

Engar ákvarðanir voru teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 2.08.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Starfið næsta vetur og það sem eftir er þessa sumars.
- Framgangur kynningarfundar um AA-samtökin fyrir starfsfólk sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.08.2006:

Mættir: I., J., Ó. og Pá.. L. og Ó. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

- Starfið á komandi vetri.
Í þeirri umræðu kom fram að nokkuð væri óljós fyrir mönnum skilin milli hlutverka Upplýsingarnefndar LÞN annars vegar og staðbundinna upplýsingarnefnda hins vegar. Menn áttuðu sig stundum ekki á því, að hlutverk Upplýsingarnefndar LÞN er fyrst og fremst:
 - a. að stuðla að því að staðbundnar upplýsingarnefndir verði til á þeim stöðum á landinu þar sem þeirra er helst þörf og skilyrði eru fyrir því að þær geti starfað.
 - b. að leiðbeina þeim um starfshætti og verkefni.
 - c. styðja þær í starfi.
 - d. halda tengslum við þær, fylgjast með starfi þeirra og sjá um, að milli þeirra miðlist þekking og reynsla.
- Rætt var um að útbúa og setja saman einfalda kynningarsamstæðu um verkefni og starfsaðferðir upplýsingarnefnda, sem skrifstofan getur haft til að miðla þeim, sem áhuga hafa á að koma á laggimar staðbundinni upplýsingarnefnd og leita til skrifstofunnar eftir leiðbeiningum um hvernig að því skuli staðið.
- Þótt tilraunir Upplýsingarnefndar LÞN til þess að stuðla að tilurð svæðis-/staðbundinna upplýsingarnefnda hafi gengið heldur treglega má ekki gleyma að hlúa að þeim upplýsingarnefndum, sem þó hafa komist á laggimar!
T.d. þarf að sjá til þess, að þær eigi allar fulltrúa á Landsþjónusturáðstefnu og þeir geti tekið þátt í Upplýsingarhópnum þar.
- Athuga með möguleika á að halda hálf dags ráðstefnu úti á landi með kynningu á t.d. sporavinnu, erfðavenjum og starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda.
Ákveðið var að vinna m.a. að ofanskráðum markmiðum og verkefnum næsta vetur.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 6.09.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Starfið næsta vetur og það sem eftir er þessa sumars.
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

- Viðhengi:**
1. Minnispunktar vegna fjölmiðlakynningar AA -samtakanna í Íslandi.
 2. Örfáir punktar varðandi stofnun og starfsemi upplýsingarnefnda frá kynningarfundum 12. mars 2005.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.09.2006:

Mættir: Ei., J., O.Ó., Pá. og R.. I. og Ó. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

- Rætt var um kynningarsamstæðuna ("kittið") varðandi verkefni og starfsaðferðir upplýsingarnefnda, sem skrifstofan getur haft til að miðla þeim, sem áhuga hafa á að koma á laggimar staðbundinni upplýsingarnefnd og leita til skrifstofunnar eftir leiðbeiningum um hvernig að því skuli staðið. Rita þarf formála að því, endurskoða og umrita úrdráttinn úr handbókinni^{*)} og bæta inn í minnispunktana^{**)} atriðum eins og:
vefsíðu SAAS.is og
vefsíðu AA.is.
- Þá var rætt um að hafa samband við Útgáfunefndina varðandi leyfi til að setja Handbókina fyrir upplýsingarnefndir inn á netið.
- Áfram var rætt um að athuga með möguleika á að halda hálf dags ráðstefnu úti á landi með kynningu á t.d. Conseptunum (ekki sporavinnu eins og missagt var í síðustu fundargerð), erfðavenjum og starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda. Hugmyndir komu fram um að prófa fyrst að halda slíka ráðstefnu á Ísafirði eða Egilsstöðum (Austfjörðum).

Ákveðið var að vinna m.a. að ofanskráðum markmiðum og verkefnum næsta vetur.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.10.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Starfið næsta vetur .
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

*) Minnispunktar vegna fjölmiðlakynningar AA -samtakanna í Íslandi.

***) Örfáir punktar varðandi stofnun og starfsemi upplýsingarnefnda frá kynningarfundum 12. mars 2005.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.10.2006:

Mættir: Ei., I., J. og R..

Þetta var helst rætt:

- Tilboð SÁÁ um kynningarstand á hátíðarfundum þeirra 10. október n.k., sem hafnað var af LÞN þar sem það væri hugsanlegt brot á 6. erfðavenjunni o.svo.frv. Í tengslum við það var rætt um nauðsyn þess að endurskoða þýðinguna, þ.e. uppkastið að *Handbók fyrir upplýsingarnefndir*, semja það að íslenskum aðstæðum og fá vinnulagsreglur yfirfarnar og staðfestar á þjónusturáðstefnu því nokkurs óöryggis gæti varðandi hvað kunni að vera brot á 6. og 12. erfðavenju.
- Þá var ákveðið að fá leyfi AA-útgáfunnar til að setja Handbókina fyrir upplýsingarnefndir inn á netið í því formi sem hún er nú. Þannig sé hún aðgengileg sem flestum AA-félögum og þeir geti gert athugasemdir við hana telji þeir þess þurfa.
- Ákveðið var að setja fundargerðir og ársskýrslur Upplýsingarnefndar LÞN inn á netið ásamt Minnispunktum vegna fjölmiðlakynningar.
- Nefndinni barst beiðni frá Skrifstofunni um að bregðast við nafnleyndarbroti í viðtalsþætti á Stöð 2. Ákveðið var að J. ræði við fulltrúa upplýsingarnefndar SAASR um það, hvort þeir vilji kynna dagskrárstjóra stöðvar 2 eðli nafnleyndar AA-samtakanna og mikilvægi þess að hún sé ekki brotin á AA-félögum.
- Minnt var á kynningarsamstæðuna ("kittið") varðandi verkefni og starfsaðferðir upplýsingarnefnda, sem skrifstofan getur haft til að miðla þeim, sem áhuga hafa á að koma á laggirnar staðbundinni upplýsingarnefnd og leita til skrifstofunnar eftir leiðbeiningum um hvemig að því skuli staðið. Koma þarf í framkvæmd að útbúa það.
- Minnst var á hugmyndina um að halda hálf dags ráðstefnu úti á landi með kynningu á t.d. Conseptunum, erfðavenjum og starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda, en var ekki full rætt og bíður síðari fundar vetrarins.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 1.11.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framhalds umræða um starfið næsta vetur .
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 1.11.2006:

Mættir: A, Ei, I, J, Pá og R. L og Ó boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

- Sagt var frá því, að byrjað væri á að setja allar fundargerðir Upplýsingarnefndar LPN inn á heimasíðu AA á Íslandi einnig ársskýrslur og Handbók fyrir upplýsingarnefndir og verður því væntanlega lokið innan tíðar. Sá háttur var hafður á, með tilliti til erfðavenju nafnleyndar, að nöfn voru þurrkuð út í fundargerðum og upphafsstafir settir í staðin.
- Áfram voru ræddar hugmyndir um að halda hálf dags ráðstefnu úti á landi með kynningu á conceptunum, erfðavenjum og starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda. Ákveðið var, að reyna fyrst að halda slíkan kynningarfund á Selfossi eftir næstu áramót, annaðhvort í janúar, febrúar, eða mars. Pá. tók að sér að finna einhverja til að annast kynningu á conceptunum og erfðavenjunum. Kynningu á hlutverki og starfsháttum stað- eða svæðisbundinna upplýsingarnefnda munu svo einn, eða fleiri, meðlimir nefndarinnar annast. Frekari umræður og ákvarðanir bíða næsta fundar.
- Ýmislegt fleira varðandi dreifingu upplýsinga innan samtakanna og utan var rætt svo sem t.d. Pósturinn, Internetið og Hálmstráið, en engar ákvarðanir teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 6.12.2006**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framhalds umræða um starfið næsta vetur .
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.12.2006:

Mættir: J., P. og R. Ei. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Rætt var um heimasíðu AA á Íslandi, hvemig best væri að vista Handbók fyrir upplýsingarnefndir og fundargerðir Upplýsingarnefndar LÞN á heimasíðunni. Var ákveðið að leggja til við Vefnefndina að handbókin og fundargerðirnar verði settar fram á aa.is sem “linkar” á skjöl, sem eru í pdf sniði.
- Áfram voru ræddar hugmyndir um hálf dags ráðstefnu úti á landi, þ.e. á Selfossi, með kynningu á starfsemi Upplýsingarnefndar LÞN, starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda og erfðavenjum. Ákveðið var, að reyna að halda fundinn 1. eða 2. helgina í febrúar nk. P. er búinn að finna aðila til að annast kynningu á erfðavenjunum. Kynningu á hlutverki og starfsháttum stað- eða svæðisbundinna upplýsingarnefnda munu svo einn, eða fleiri, meðlimir nefndarinnar annast.

Þetta gerðist milli funda:

Blaðamaður frá Morgunblaðinu hafði samband við skrifstofu samtakanna og óskaði eftir viðtali við einhvern, er veitt gæti upplýsingar varðandi starfsemi AA á Íslandi. Skrifstofan vísaði á oddamann Upplýsingarnefndar LÞN. Ræddi hann við blaðamanninn og birtist viðtalið í Morgunblaðinu 27. des. sl. á bls. 44 í dálknum: Fólkh/Heilsa.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 3.01.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Framhalds umræða um starfið næsta vetur .
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.01.2007:

Mættir: J., I. og P. Ei. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Áfram voru ræddar hugmyndir um hálfsdags ráðstefnu úti á landi og þá í Reykjanesbæ, með kynningu á starfsemi Upplýsingarnefndar LÞN, starfsemi staðbundinna upplýsingarnefnda og erfðavenjum. Ákveðið var, að reyna að halda fundinn síðustu helgina í febrúar nk.
P. mun taka að sér að skipuleggja fundarformið og hvað verður kynnt af hálfu Upplýsingarnefndar LÞN og hvernig.
Kynningu á hlutverki og starfsháttum stað- eða svæðisbundinna upplýsingarnefnda munu svo einn, eða fleiri, meðlimir nefndarinnar annast.
P. er jafnframt búinn að finna aðila til að annast kynningu á erfðavenjunum.
- Rætt var um heimasíðu AA á Íslandi, hvernig best væri að vista Handbók fyrir upplýsingarnefndir og fundargerðir Upplýsingarnefndar LÞN á heimasíðunni. Var ákveðið að leggja til við Vefnefndina að handbókin og fundargerðirnar verði settar fram á aa.is sem “linkar” á skjöl, sem eru í pdf sniði.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 7.02.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Undirbúningur undir kynningarfundinn, sem verður í lok mánaðarins.
Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsgöngu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.02.2007:

Mættir: J., P. og Ei.; R. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

Rætt var um fyrirhugaða kynningarráðstefnu í Reykjanesbæ. Fyrir fundinum lá uppkast P. að ramma fyrir ráðstefnuna:

- 1) Kynning á Upplýsingarnefndinni, [verður í höndum tveggja aðila úr Upplýsingarnefnd LÞN t.d. R. og I.]
 - starfsemi,
 - hlutverk,
 - meðlimir nefndar,
 - samband við nefndina?
 - mikilvægi erfðavenja í starfi nefndar,
 - tenging milli staðbundinna upplýsingarnefnda og Uppl.n. LÞN.
- 2) Kynning á erfðavenjum 1 – 6 [P. hefur þegar rætt við vana aðila, sem taka þennan lið að sér].
- 3) Kynning á staðbundnum upplýsingarnefndum [Ræða þarf við tengilið SAAS í Uppl.n. LÞN um að staðbundna upplýsingarnefndin á Reykjavíkursvæðinu taki þennan þátt að sér],
 - starfsemi,
 - hlutverk,
 - meðlimir nefndar,
 - samband við nefndina?
 - mikilvægi erfðavenja í starfi nefndar,
 - tenging milli staðbundinna upplýsingarnefnda og Uppl.n. LÞN.
- 4) Kynning á erfðavenjum 7 – 12 [Sömu aðilar og taka að sér 2. lið].

Ákveðið að reyna að halda fundinn eftir hádegi annað hvort laugardaginn 10. eða 17. mars nk. *Síðan hefur komið í ljós, að þeir aðilar, sem ætla að sjá um erfðavenjukynninguna, eru uppteknir þann 10. mars svo laugardagurinn 17. mars virðist verða muni dagsetningin.*

Sem allra fyrst þarf að:

- Kanna möguleika á fundarhúsnæði í Reykjanesbæ.
- Athuga hvort þar er skjávarpi, annars útvega (leigja) hann.
- Tala við tengilið SAAS varðandi 3. lið.
- Fela R. og I. 1. lið.
- Páll mun ræða aftur við erfðavenjukynnana.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 7.03.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Undirbúningur undir kynningarfundinn, sem 10. eða 17. marz. Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.03.2007:

Mættir: J., I., R. og V.; Ei. og P. boðuðu forföll.

Þetta var helst rætt:

Fyrirhuguð kynningarráðstefna í Reykjanesbæ:

- Ákveðið að hún skuli haldin laugardaginn 17. mars nk. að Klapparstíg 7, Keflavík og hefjist klukkan 15:15.
- R. hefur útvegað skjávarpa til þess að nota við ráðstefnuhaldið, ef með þarf.
- Kynning á starfsemi og hlutverki Upplýsingarnefndar LPN verður í höndum R. og V. (ef I. forfallast). Sjá fundargerð síðasta fundar.
- I. hefur samband við fulltrúa SAAS varðandi þátttöku svæðisbundinnar upplýsingarnefndar SAAS í kynningarfundinum sbr. fundargerð síðasta fundar.
- I. mun hafa samband við Pál varðandi 'erfðavenjukynnana' og tryggja þátttöku þeirra í kynningarfundinum.

Þá var rætt um erindi, sem borist hafði til skrifstofunnar varðandi það, að halda kynningu í Fjölbrautaskóla Suðurlands á AA-samtökunum og bataleiðum þeirra.

Varð niðurstaðan sú, að bjóða uppá kynningarfund með þátttöku ei-alka, tveggja AA-félaga er kæmu fram nafnlaust, deildu með hópnum reynslu sinni og væru hvorugur af svæðinu, annar gamalreyndur, en hinn ungur. Jafnframt yrði dreift kynningarbæklingum um Samtökin.

J. mun hafa samband við viðkomandi kennara/hjúkrunarfræðing skólans og bjóða þetta fram.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.04.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Umræða um kynningarfundinn 17.03. sl. og
- undirbúningur undir þjónustu-ráðstefnuna laugardaginn 19. maí nk.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.05.2007:

Mættir: J. og R.. Ei. boðaði forföll.

Þetta var helst rætt:

- Ársskýrsla Upplýsingarnefndarinnar er flytja skal á Þjónusturáðstefnunni laugardaginn 19. maí n.k. í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. J. mun taka hana saman. og senda nefndarmönnum til yfirlestrar og athugasemda.
- Sumarstarfið næsta sumar. Komu fram hugmyndir um að reyna að fara út á landsbyggðina og halda kynningarfundum með deildum þar. Rætt en engar ákvarðanir teknar.

Næsti fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 6.06.2007**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir:

- Þjónustu-ráðstefnuna laugardaginn 19. maí sl..
- Sumarstarfið.

Það er aðeins tillaga oddamanns að fram fari umræða um ofanskráð atriði, en að sjálfsögðu eru önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

